

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 136/2012****2012/EES/63/14****frá 13. júlí 2012****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2012 frá 15. júní 2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 761/2001 og ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB og 2006/193/EB <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1221/2009 falla úr gildi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 <sup>(3)</sup> og ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB <sup>(4)</sup> og 2006/193/EB <sup>(5)</sup>, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði XX. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti liðar 1ea (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001) hljóði svo:  
„**32009 R 1221**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 761/2001 og ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB og 2006/193/EB (Stjtið. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1).“
2. Texti liðar 1eaa (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB) og liðar 1eab (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/193/EB) falli brott.

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1221/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júlí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 270, 4.10.2012, bls. 40, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 4.10.2012, bls. 42.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 114, 24.4.2001, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 247, 17.9.2001, bls. 24.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 63.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Atle Leikvoll***

formaður.